

# Fundagerð Skólaráðsfundur 23. apríl 2014

Guðrún Gunnarsdóttir starfandi skólastjóri setur fundinn með því að bjóða alla velkomna. Hún skilaði kveðja frá Erlu skólastjóra til fundamanna, en hún er í veikindaleyfi. Guðrún spurði fundamenn hvort þeir vildu fara yfir fundagerð síðasta fundar, sem er inn á netinu. Ekki var talin þörf á því.

**Fyrsta** mál á dagskrá var kynning á skóladagatali næsta skólaárs, 2014-2015. Tillagan felur í sér að dagar eins og skólasetning, vetafrí, jóla og páskafrí og skólaslit eru ákveðnir dagar gefnir út af Skóla- og frístundasviði en starfsdagar inn á skólatíma eru á hefðbundnum tíma miðaða við skipulag starfssemi Klettaskóla. Eina breytingin sem lagt er upp með skólaárið 2014-2015, er að hafa foreldraviku í stað foreldradags í janúar, sem einn af þremur foreldradögum sem skólum er uppálagt að bjóða upp á inn á skólaárinu. Þetta er sett upp sem tilraunaverkefni og mun það verða metið eftir á hvort fyrirkomulagið sé betra. Kennararnir munu skipuleggja foreldrasamtölin í þessari foreldraviku í stað venjubundins foreldradags þar sem skólinn er lokaður. Fundamönnum leist vel á að prófa þetta fyrirkomulag og töldu að foreldrar yrðu ánægðir með þetta fyrirkomulag.

Umræða skapaðist um starfsdagana eftir skólaslit og þau vandræði sem foreldrar lenda í þar sem frístund opnar ekki fyrir sumarstarf sitt strax á sama tíma og skólanum lýkur. Einnig var rætt um það óhagræði sem skapast varðandi það að starfsdagar skóla- og leikskóla séu ekki samræmdir í borginni. Það var mikil breyting til batnaðar þegar vetafrísdagar voru samræmdir í skólum í Reykjavík.

**Annað** mál á dagskrá fundarins var að fara fyrir nemendur næsta skólaár. Sautján nemendur eru að útskrifast í vor. Nemendum Klettaskóla kemur til með að fjölga úr 110 í 116 nemendur næsta skólaár, þar af verða fjórir í þátttökubekk. Það er spurning um tvo nemendur þar sem ekki hefur borist svar frá foreldrum. Fjölgunin í bekkjum næsta vetur lítur þannig út:

1. bekkur 8 nemendur
2. bekkur 2 nemendur
3. bekkur 1 nemandi
4. bekkur 2 nemendur
5. bekkur 2 nemendur
7. bekkur 2 nemendur
8. bekkur 1 nemandi
9. bekkur 1 nemandi

Guðrún fór yfir mönnun í Klettaskóla og greindi frá því að það vantaði 4 fagmenn í skólann næsta skólaár og nokkur hreyfing væri fyrirsjáanleg á stuðningsfulltrúum í skólanum. Vinna er í gangi við að ráða starfsfólki í bekki fyrir næsta vetur.

Umræða skapaðist vegna svara frá framhaldsskólum við umsóknum nemenda í 10. bekk.

**Priðja** mál á dagskrá fjallaði um stóra úthlutun frá Reykjavíkurborg varðandi tækjakaup, ípada og tölvur fyrir nemendur og starfsfólk skólans. Guðrún kom fram með að skólinn væri mjög þakklátur fyrir þennan styrk. Mikil vinna er framundan varðandi innleiðingu á notkun þessara tækja, við að setja upp nýjar verklagsreglur og mennta kennara til að þessi tækni nýtist sem best inn í skólastarfið. Guðrún kom líka inn á að skólinn horfi til þess að fá að kaupa fleiri smart töflur en það vantar enn inn í 3 árganga svo að allir nemendur búi við sömu aðstöðu. Núna eru þær töflur sem til eru samnýttar milli bekkja.

**Fjórdá** mál fundarins var um úthlutun úr Sunnusjóði upp á 1.1 milljón. Þessu fjármagni er úthlutað til kaupa á rofabúnaði inn í skólann. Búið er að ganga frá pöntun á þessum búnaði sem felur í sér mjög fjölbreytta tækni og kemur til með að nýtast ákveðnum hópi nemenda.

**Fimmti** og síðasti dagskrárliðurinn fól í sér önnur mál. Greint var frá umhverfisdeginum og hvað nemendur gerðu í tilefni hans.

Fundamenn spurðu um stöðu byggingamála og í svari Guðrúnar kom fram að ekkert nýtt væri að fréttá nema að búið væri að afgreiða öll kærumál þannig að undirbúningur að byggingaframkvæmdunum væri hafinn. Ekki hefur komið fram staðfest tímasetning á því hvenær framkvæmdir byrja við skólann.

Guðrún skýrði frá nýjum leiktækjum sem verið er að koma fyrir á skólalóðinni og voru fjármögnuð af Ferlinefnd Reykjavíkurborgar.

Komið var inn á fyrirkomulag á skólaakstri nemenda og að það væru í rauninni mannréttindabrot hversu lengi nemendur þyrftu að vera í skólabílum, allt upp í tvær klukkustundir á dag.

Það er komin sveppur í merkingar í Sunnulundi og þetta þarf að hreinsa þar sem ekki er hægt að lesa þær lengur. Einnig kom fram ósk um að það þyrfti að fá Reykjavíkurborg til að slá oftár í Sunnulundi.

Guðrún skýrði frá því að í haust yrðu þær breytingar í foreldraviðtölum á Unglingastigi að nemendur kæmu inn í viðtölin með foreldrum, ekkert um okkur án okkar og í janúar yrði sama breyting hjá miðstiginu.

Í lokin kom fram ein fyrirspurn sem tengdist fjölgun nemenda og hún var hvort ráðstafanir hefðu verið gerðar til að fá lausar stofur til að koma til móts við mikil þrengsli í núverandi skólahúsnæði. Guðrún svaraði því að það hefði ekki verið gert og það væri stefna skólans að engir nemendur væru í lausum kennslustofum.

Fundi slitið